



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Álftaborg

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: „Að börnin njóti bernsku sinnar þar sem hugað er að vellíðan þeirra og öryggi“.

.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat Seljalands	5
2.1 Innra mat Hlíðarhvammur	8
2.2 Innra mat Merkisteinn	12
2.3 Innra mat Lækjarhvammur	14
2.4 Innra mat Umhverfismennt	16
3 Ytra mat	17
4 Starfspróunarsamtöl og fræðsla	18
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	19
6 Foreldrasamvinna	19
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	20
8 Fylgigögn	20
8.1 Fylgiskjal 1 - Umbótaráætlun stjórnenda	20
8.2 Fylgiskjal 2 -Leikskóladagatal	20
8.3 Fylgiskjal 3 Samstarfsáætlun Álftaborgar og Háaleitisskóla	20
8.4 Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs	20



Leiðarljós leikskólans: „Að börnin njóti bernsku sinnar þar sem hugað er að vellíðan þeirra og öryggi“.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Undanfarin ár hefur verið stöðugur og góður kjarni í starfsmannahópnum í Álftaborg og mannauður mikill. Aðrir hafa stoppað stutt við eins og gengur. Í haust vorum við með fullmannaðan leikskóla. Eftir áramót hafa verið fordæmalausir tímar og verkfall og veira haft mikil áhrif á starfið. Í verkfallinu vorum við með þrjár af fjórum deildum opnar allan tímann en með takmörkunum. Í kjölfarið af verkfallinu skall veiran á og til að byrja með vorum við með alla starfsmenn í húsi og hálfan barnahópinn. Síðar tók stjórnunarteymi leikskólans ákvörðun um að skipta starfsmönnum og börnum í sóttvarnarhólf, í tvo hópa sem mættu annan hvern dag. Hóparnir hittust aldrei meðan á þessu stóð. Óneitanlega hefur þetta haft áhrif á starfið og fastir liðir hafa dottið út, eins og Opið hús, Sumarhátíð með foreldrum og Barnamenningarhátíð í Hörpu.

Aðlögun barna síðastliðið haust gekk vel og var henni lokið í byrjun september. Haustið gekk vel og fóru fjölmörg verkefni af stað meðal annars lífsleikni, K-pals, vinaverkefni Barnaheilla, fjölmening, bókaormurinn, umhverfismennt og þróunarverkefnið „Ég get og ég vil“ um sjálfsefningu og félagsfærni, tengt menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Í lífsleikninni var unnið markvisst með áreiðanleika, vinsemd, sköpunargleði og ábyrgð. Í fjölmeningunni var unnið með þjóðlönd þeirra barna sem eru innan skólans og hver deild vinnur með þau þjóðerni sem eru á deildinni. Yfirleitt hafa foreldrar komið og kynnt upprunaland sitt fyrir börnunum, en það var ekki hægt eftir áramót.

Í læsisverkefninu „Bókaormurinn“ voru teknar fyrir tvær bækur á eldri deildum Múmínsnáðinn og gullna laufið eftir Tove Jansson og Tröllastrákurinn læknar hrekkjusvín eftir Sigríði Arnardóttur. Ein bók var tekin fyrir á yngri deildum, Skrímsli í vanda eftir Áslaugu Jónsdóttur. Bækurnar voru tengdar við Vináttuverkefni Barnaheilla, dygðum leikskólans og þróunarverkefni okkar „Ég get og ég vil“. Börnin fá bækurnar heim og foreldrar lesa fyrir þau og skrá síðan upplifun og frásögn barnanna í þar til gerða bók.

Áfram var unnið með K-pals, það er ætlað elsta árganginum. K-pals eykur þjálfun hljóðkerfisvitundar og stafabekkingar og voru mörg barnanna farin að stafa í orð. Umhverfismennt fékk sinn sess, en varð ekki eins markviss og hefði orðið í venjulegu árferði. Markmiðið var að vinna með „hvað verður um það sem við flokkum“ og hugtök sem tengd eru umræðu um umhverfismál. Hugtakavinnu verður haldið áfram á næsta skólaári.

Mikil hefð er fyrir vettvangsferðum í leikskólanum. Börnin kynnast borginni meðal annars í gegnum söfn, garða, vinnustaði foreldra og önnur fyrirtæki/ stofnanir. Unnið er úr ferðunum meðal annars með sögugerð og myndlist. Ferðir voru farnar fram að samkomubanni og byrjuðu aftur eftir miðjan maí, þannig að nokkrar ferðir féllu niður.

Þróunarverkefnið „Ég get og ég vil“, gekk vel og voru sýnilegar framfarir hjá börnunum, hvað öryggi í að koma fram og sjálfstæði varðar.

Fjölmörg þemaverkefni voru unnin á árinu þar á meðal tvö stór verkefni um hafið og íbúa þess á yngri og mið deild. Verkefni um Litla og stóra skrímslið var unnið á yngri deildum og annarri yngri deildinni var unnið með Dýrin í Hálsaskógi. Elsta deildin vann þemaverkefni um Sleipni. Virkilega skemmtileg verkefni þar sem sköpun og þátttaka barna var í hávegum höfð.



Barnamenningarhátíð sem átti að vera í Hörpu var frestað. Börnin í skólahópi voru búin að æfa lögin og fengu leyfi til að syngja þau á útskriftinni, sem að þessu sinni var haldin í Framheimilinu. Einnig sýndu þau dans sem var afrakstur danskennslunnar í vetur. Í ár verður kolefnisjafnað og í staðinn fyrir afskorna rós fengu börnin brekkuvíði. Einnig fengu börnin kveðjuskjal ásamt sögu- og verkefnabók.

Á þrettándanum var foreldrum boðið í árlegan morgunverð þar sem foreldrar og börn kvöddu jólin með okkur. Öskudagur var í miðju verkfalli og var hann ekki haldinn hátíðlegur eins og venjulega. Hins vegar sameinuðum við sumarhátíðina og öskudaginn í stóru Karnevali í júní. Var mikið um dýrðir, leikrit, stöðvar: sápukúlur, listsköpun, vatn og penslar og boltar. Á eftir var grillað og dansað. Samstarf við Háaleitisskóla hefur verið gott og eflst ár frá ári. Í ár þurfti að fresta öllu samstarfi eftir febrúar.

Á næsta skólaári leggjum við meiri áherslu á sköpun og verður það þróunarverkefni okkar sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar. Við munum m.a vera í samstarfi við Myndlistaskólann með elsta árgang. Áhersla verður á að hlusta á börnin og gefa þeim meira rými til þess að taka þátt í ákvörðunum sem viðkemur námi þeirra og bjóða upp á fjölbreyttan efnivið í leik og starfi. Breytingar verða á leikskólalóðinni í samræmi við áherslur okkar á útinámi og leik. Sett verður upp útielldhús og unnið verður með stöðvar úti.



2 Innra mat Seljalands

Starfið á Seljalandi árið 2019-2020 gekk mjög vel, þrátt fyrir mikið álag í leikskólanum og breytingar á deildinni þegar deildarstjóri fór í langtíma veikindi. Í umbótaáætlun síðasta árs settum við fram fjóra meginþætti: frjáls leikur, sjálfbærni barnsins, raddir barnanna heyrist og heilbrigði.

Ýmislegt gekk ekki upp eftir áramót þar sem breytingar urðu á starfsmannahópnum bæði vegna verkfalls og Covid-19 veirunnar. Til dæmis má nefna að K-pals lauk ekki á sama tíma fyrir báða hópana. Hópastarfið breyttist þar sem starfsmanna- og barnahópnum var skipt í tvennt sem gerði það að verkum að ekki var hægt að hafa alveg sama skipulag fyrir báða hópana.



Stundum reyndist erfitt að komast í undirbúning, vegna veikinda eða orlofs starfsmanna. Við gerðum okkar besta til þess að þeir kæmust sem hefðu þörf á.

Útikennsla var hluti af hópastarfinu þangað til í lok nóvember 2019. Starfsmaðurinn sem sá um útinámið fór á aðra deild. Þar með var útikennslan sett í hlé, en fór ekki aftur af stað eftir áramót vegna verkfalls og Covid-19 veirunnar.

Hreyfistundir fóru fram í sal í Fram heimilinu einu sinni í viku. Í hreyfistundum var börnunum skipt í hópa, t.d. kenndur dans, jóga og fimleikaæfingar. Allar æfingarnar byggjast á að hafa gaman og efla keppnissskap.

Börnin æfðu dansatriði á bæði haustönn og vorönn. Á haustönn sýndu þau á jólasýningunni og á vorönn á útskriftarhátíðinni, en þá var dansað við „Óþekk börn“, úr sýningunni Matthildi. Fjölmörg barnanna voru búin að sjá sýninguna og voru ánægð með val á lagi. Hópnum var skipt í þrennt sem gerði dansinn flókin vegna þess að skiptingar þurftu að vera á hárréttum tíma. Gekk þetta mjög vel og voru þau dugleg að fylgja fyrirmælum kennara.

Markmið með sjálfbærni barnsins var að börnin gætu hjálpað sér sjálf með helstu athafnir daglegs lífs. Sjálfstæði og sjálföryggi þeirra eflist mikið í vetur.

Frjáls leikur fór fram alls staðar í leikskólanum, jafnt úti sem inni. Einnig gátu börnin valið milli stöðva þar sem þau velja hvaða leikefni er í boði. Þar er leikurinn algjörlega í höndum barnanna og þau ákveða leikinn sjálf.

Þróunarverkefni „Ég get og ég vil“ um sjálfsefning og félagsfærni. Börnin í skólahópi æfðu saman jólaleikritið „Jólasveinarnir eftir Jóhannes úr Kötlum“. Hvert barn fékk hlutverk og þurfti að læra eina eða tvær vísur. Börnin lærðu vísurnar og síðan var leikritið æft með öllum í búningum. Þetta gekk vonum framar og voru öll börnin mjög dugleg. Foreldrum barnanna var boðið á sýningu fyrir jólin og voru ánægð. Börnin eflust og lærðu umhyggju, tillitssemi, hjálpsemi og þolinmæði, ásamt að efla sjálftraust og hugrekki hjá þeim.

Sögugrunnur eykur sjálfsöryggi og sköpunargleði barnanna. Mikill munur er á þegar þau byrja og þegar þau enda veturinn. Eru orðin sjálfsörugg og eiga auðvelt með að segja frá og búa til sögur.

Í samverustundum skiptast börnin á að standa fyrir framan hópinn að segja hvaða dagsetning er, hvað borgin okkar heitir, hvað landið okkar heitir og hvað hafið í kringum Ísland heitir.

Veðurfræðingur lítur út um gluggann og segir frá hvernig veðrið er hverju sinni og hvernig eigi að klæða sig eftir veðri. Öll börnin koma með hlut að heiman, segja frá honum í samverustund og af hverju þau völdu þennan hlut.

K-pals, Hljóðavitund (undirþáttur hljóðkerfisvitundar) hæfileikinn til að heyra og vinna með hljóðin í orðunum, er mikilvæg undirstaða undir lestrarnám. Verkefnin eru sett fram í leikjaformi. Þau eru unnin þrisvar til fjórum sinnum í viku og u.þ.b. 5-10 mínútur. Verkefnið er eingöngu fyrir börn í skólahóp. Þetta gekk vel fram að verkfalli og veiru en eftir það var ekki hægt að komast yfir nægilega mörg verkefni. Börnin náðu þó viðeigandi árangri miðað við aðstæður.

Unnið var með vísindi og var gerð ein tilraun í viku. Tilraunir sem gerðar voru eru t.d. eldgos, hvernig litur dreifst úr „jellybeans“ nammi í ediki, ásamt fleiru. Í ljósi þeirra aðstæðna sem fylgdu Covid-19 veirunni, var tilvalið að að sýna börnunum hvernig bakteríur dreifa sér og mikilvægi þess að þvo sér vel um hendurnar með sápu. Við gerðum líka tilraun þar sem börnin komust að því hversu mikið af sýklum var á hlutum sem við notum eða komum við í daglegu athöfnum. Þessar tilraunir skiluðu árangri í betri handþvotti og börnin gerðu sér betur grein fyrir hversu mikilvægt er að þrifa það sem við notum í leik og starfi.



UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðfe rðir?	Viðmið um árangur
Sjálfbærni barnsins	Að börnin geti gert flest allt sjálf, svo sem klæða sig í og úr og ganga frá eftir sig í fataklefanum, sjálfstæð á klósettinu, kunna að leggja á borð, skammta sér sjálf á diskana, ýta stólnum að borðinu.	Æfa þau í að gera sjálf, styrkja þau, hvetja og hrósa.	Allir starfsm enn deildari nnar.	Vor 2020	Vor 2021	Með því að fylgjast með og skrá framfarir.	Eru börnin orðin sjálf- bjarga.
Raddir barnanna heyrir	Að öll börnin geti tjáð sig og fái tækifæri til þess að tjá sig og hlustað sé á þau. .	Koma með hlut að heiman, segja frá vettvangs- ferðum, taka þau upp í samveru og syngja saman, tala saman um hvaða lag eigi að syngja næst.	Allir starfsm enn	Ágúst 2020	Maí 2021	Skráninga r t.d. hverjir eru búnir að koma með hlut að heiman og hvort allir hafi fengið tækifæri til að segja frá vettvangs- ferðum og velja lag.	Hafa öll börnin eflst í að koma fram og tjá sig. Hafa kennarar hlustað á hug- myndir barnanna
Heilbrigði	Stuðla að almennu heilbrigði barnanna, ýta undir þekkingu þeirra á heilbrigði og hreinslæti. Hafa hreyfistund á hverjum degi.	Hreyfi- stund á hverjum degi (dans, jóga, þrauta- brautir, o.fl.). Tala við börnin um hvað er holtt og óholtt fyrir líkamann í	Allir starfs- menn	Ágúst 2020	Maí 2021	Metið á deildar- fundum og í samtölum við börnin fyrst í desember 2020 og aftur í maí 2021	Taka allir þátt í hreyfi- stundum. Þekkja börnin líkama sinn og og tilfinning ar, vita hvað er holtt fyrir líkamann.



		samveru- stundum, við matar- borðið og þegar færi gefst.					
--	--	---	--	--	--	--	--

2.1 Innra mat Hlíðarhvammur

Starfið á Hlíðarhvammi 2019-2020 gekk mjög vel. Í umbótaáætlun fyrir síðasta ár settum við fram nokkra meginþætti sem voru að börnin hefðu meiri áhrif á starfið og unnið yrði markvisst með málumhverfi sem stuðlaði að betri málþroska barnanna. Einnig var áhersla á efla sjálfstraust, auka ígrunduð hrós til barnanna og auka skipulagða tíma í útikennslu með skráningu, ásamt að auka jógakennsluna.

Ekki gekk nógu vel með útikennsluna í vetur. Bæði var það fyrir utan áhugasvið barnanna og ekki gafst tími til þess að gera hana að föstum lið í daglegu starfi deildarinnar. Því þarf að vinna betur með útikennslu og hefur verið ákveðið að sá þáttur verði hluti af umbótaáætlun næstkomandi skólaárs.



Hér koma stuttar lýsingar á því hvernig unnið var með þætti umbótaáætlunar skólaárið 2019-2020.

Málumhverfi

Þessi þáttur gekk mjög vel og var allt merkt með stöfum á deildinni, veggspjöld með stöfum voru sýnileg á deildinni og bækur aðgengilegar fyrir börnin.

- Eftir áramót hafa börnin sýnt mikinn áhuga á stöfum og leikið sér með þá, púslað stafapúsul, sett saman orð með plaststöfum og æft sig í að skrifa stafi.
- Unnið með sögugrunninn, ljóð samin, ein þula lærð í hverjum mánuði, rím æfð og mikið sungið.
- Öll þemavinna var tengd við orðaforðavinnu í umræðum um merkingu orða og frásagnir frá börnunum sjálfum. Tvítýngd börn fengu aukatíma í íslensku í smærri hópum þar sem var lesið fyrir þau, spilað með þeim og fleira slíkt.

Sjálfsefning og félagsfærni.

Í vetur vorum við með þróunarverkefnið „Ég get og ég vil“ sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þar sem unnið var með sjálfsefningu, sjálfstraust og félagsfærni barnanna. Í öllu starfinu var lögð áhersla á að efla trú barnanna á eigin getu með því að þau æfðu sig að hella sjálf í

glösin, skammta sér sjálf og klæða sig sjálf. Börnin sem voru þjónar fóru í eldhúsið og sóttu auka skammta af mat, lögðu á borð og fleira slíkt.

Covid-19 og sýkingarhættan sem henni fylgdi hafði áhrif þar sem takmarka þurfti fjölda handa sem komu við hvert áhald og hluti. Tímabundið gátu börnin ekki náð sér í hluti úr hillum deildarinnar, skammta sér mat sjálf, leggja á borðin og fleira slíkt. Hins vegar þurftu börnin að klæða sig í og úr fötum sjálf þegar þau mættu í leikskólann á morgnana og í lok dags, þar sem að foreldrar komu bara í forstofu leikskólans vegna smíðhættu. Hefur það verið mjög styrkjandi fyrir börnin. Kveðjustundir við foreldra voru styttri en venjulega, þau voru duglegri og sjálfstæðari í fataherberginu og pössuðu upp á að taka allt dótið með sér heim.

- Börnin voru ávallt hvött til þess að tjá skoðanir sínar, koma fram til þess að segja frá, sýna hluti og syngja, hrósa hvert öðru og hjálpast að.
- Æfingar í Framsalnum hafa einnig hjálpað mikið til við að efla sjálfstraust barnanna og voru öll börnin hvött áfram og hrósað fyrir frammistöðu sína í daglegu starfi deildarinnar.

Jóga kennslan gekk vel í vetur og vorum við heppin að hafa jóga kennara á deildinni sem tók kennsluna að sér og gerði hana að föstum lið í hópastarfinu. Börnin urðu meðvitaðri um eigin líkama og getu, fylgdu hreyfingum annarra og slökuðu á. Pennan þátt viljum við halda áfram að vinna með.

- Börnin hafa haft mikil áhrif á starfið í vetur og hefur verið flæði á deildinni, hvað varðar dagskipulag, hópastarf og áherslupætti.
- Hlustað var á hugmyndir og óskir barnanna í sambandi við það hvað leikföng voru í boði, hvaða bækur átti að lesa og hvernig skipulagi deildarinnar var háttað.
- Umræður og samræður við börnin um starfið voru reglulega þar sem þau gátu tjáð sig og sagt hvað þeim finnst skemmtilegt og æfa sig að hlusta á hvert annað.
- Fylgst var með leikjum barnanna og þannig reynt að koma auga á áhugasvið þeirra og fá hugmyndir að skemmtilegum verkefnum og leikjum.

Jákvæðni var ríkjandi á deildinni í vetur og ígrundað hrós jókst og samvinna var góð. Allir voru liðlegir og tóku þátt í öllum verkefnum, bæði starfsfólk og börn. Starfsmenn deildarinnar voru duglegir að hrósa börnunum við öll tækifæri. Börnin voru hvött til þess að standa saman, sýna samkennd, hjálpa hvert öðru og hrósa.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðf- erðir?	Viðmið um árangur
Auka skipulagða tíma í útinámi	Börnin læri meira um náttúruna og nærumhverfi sitt. Fái tækifæri til þess að njóta útiverunnar og læri um umhverfis- mál.	Útikennsla verði fastur liður í hverri viku fyrir hvern hóp. Skipuleggja fjölbreytta leiki í garðinum, fara í gönguferði r, finna fleiri staði í hverfinu okkar þar sem börnin geta leikið sér frjálst. Börnin komi að skipulagi um hvað eigi að gera úti.	Deildar- stjóri og allir starfs- menn á deild.	Haust 2020	Sum- ar 2021	Endur- skoða á deildar- fundum í hverjum mánuði Skoða hvað við höfum gert og hvernig gekk, með því skoða bæði skriflegar og mynda- skrán- ingar. Spyrja börnin um útinámið og foreldra um hvað börnin segja heima.	Að áhugi barn- anna á útiveru, leikjum og þekking á nærum- hverfi hafi aukist.
Samskipti og samvinna milli deilda	Heimsóknir og samvinna á milli deilda verði inni í skipulagi. Auka þannig samkennd milli starfsfólks og barna á ólíkum deildum.	Sam- eiginlegt val milli deilda, samveru- stundir og útileikir. Eldri börn fari í heimsókn á yngri deildir eða yngri börn komi í heimsókn	Deildar- stjórar halda utan um þetta en allir starfs- menn taka þátt.	Janúar 2020 Þegar að- lögun barna er lokið og þau orðin örugg og þekkja leik-		Fram- vinda rædd á morgun- fundum og deildar- fundum.	Að allt starfs- fólk þekki öll börnin og börn þekki allt starfs- fólk. Aðlögun milli deilda næstu ára verði



		til þeirra eldri.		skólan n vel.			auðveld ari fyrir alla.
Efla samvinnu við foreldra	Foreldrar fá að taka þátt og komi með eigin hugmyndir inn í starfið. Kynna foreldra fyrir hvert öðru til þess að auðvelda tengsl þeirra fyrir utan leikskólann. Betra flæði upplýsinga milli kennara, barna og foreldra.	Þjóða foreldrum að koma í leikskólann og segja börnunum frá sínu starfi, frá heimalandi nu (ef menningin, tungumáli ð eða annað er ólíkt) eða sýna frá áhugamálu m. Foreldrar gætu komið og lesið fyrir börnin, sýnt myndir eða boðið okkur í heimsóknir á vinnustaði eða í garðinn heima hjá þeim. Jafnvel skipulagt hitting eftir leikskóla eða um helgar, þar sem kennarar taka þátt í skipulagningu en	Allt starfsfólk leikskólans. Kennarar sýna frumkvæði og kynna foreldra fyrir hugsanlegu samstarfi.	Haut 2020	Sum ar 2020	Rætt á skipulagsdögum innan leikskólans og á deildarfundum. Samskipti við foreldra í eigin persónu, gengum tölvupóst og í foreldra-samtölum	Aukinn samgangur og samskipti milli barna og foreldra, sem og kennara. Aukinn áhugi foreldra á starfi leikskólans. Nýjar hugmyndir að starfi innan leikskólans.



		foreldrar og börn sjá um að mæta.					
--	--	-----------------------------------	--	--	--	--	--

2.2 Innra mat Merkisteinn

Umbótaþættir sem lagt var upp með fyrir skólaárið 2019-2020 voru;

Þemavinna:

Raddir barnanna höfðu mikil áhrif á þemavinnuna og gekk hún vel. Áhugi barnanna á að vinna með þemu var mikill. Eitt þema var tekið fyrir hvern mánuð og unnið með það í öllu starfinu.

Umbótaþátturinn um þulur og rím var fléttaður inn í þemavinnuna. Sjálfsefning var rauður þráður í öllum þemum.

Styrkleikar:

Við nýttum áhugasvið barnanna og fundum verkefni út frá því. Eins öðluðust börnin dýpri þekkingu á hverju þema.

Tækifæri til umbóta:

Við munum halda áfram með þemavinnu á næsta ári og munum þá þróa hana enn frekar. Einnig viljum við koma þulum og rími meira inn í starfið og hafa þá eina þulu sem er tekin fyrir í hverjum mánuði.



Fjölmennning:

Eitt land var tekið fyrir í hverjum mánuði þar sem börnin fengu kynningu á menningu þess lands. Það gekk vel og vakti athygli foreldra.

Styrkleikar:

Börnin gerðu fána hvers lands og eitthvað eitt annað sem einkennir landið, í efnivið sem þau völdu sjálf. Afurðin var síðan sett í vegabréf sem þau fengu. Þetta gekk vel og fannst börnunum spennandi að fá vegabréf frá hverju landi með myndum sem þau höfðu gert sjálf.

Tækifæri til umbóta:

Fá allt starfsfólkið til að taka virkari þátt og börnin til að vera spenntari fyrir verkefninu. Verkefni þar sem börnin lita löndin sín og líma á hnött sem er uppi á vegg verður tekið fastari tökum.

Umbótaþættir fyrir skólaárið 2020-2021 verða eins og sjá má í töflunni hér að neðan: þemavinna, sjálfsefning, listrænt sjálfstæði og þulur og rím.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Þemavinna	Skrá meira, í máli og myndum	Spyrja opinna spurninga taka myndir, skrá niður.	Rannveig ber ábyrgð og allir framkvæma	Sept 2020	Maí 2021	Safna gögnum í gegnum skráningar og samtöl. Metið yfir önnina á deildarfundum. Lokamat í maí 2020 með því að sjá afrakstur þemavinnunnar.	Fylgjumst með viðbrögðum foreldra og hvort áhugi þeirra að fylgjast með starfinu hafi aukið. Hefur þekking og áhugi barnanna aukist á efninu.
Þulur og rím	Læra einfalda þulu í hverjum mánuði.	Börnin túlka þulu með teikningu	Ylfa Allir framkvæma.	Sept 2020	Maí 2021	Metið yfir önnina á deildarfundum. Myndbanda og mynda skráning.	Kunna öll börnin einfalda þulu og að ríma nokkur orð.
Sjálfsfelling	Auka meðvitund starfsmanna um mikilvæg i sjálfsfellingar fyrir þroska barna.	Að börnin þekki tilfinningar sínar og geti sagt grunnupplýsingar um sjálfan sig.	Athina og allir taka þátt	Sept 2020	Maí 2021	Metið yfir önnina á deildafundum.	Að börnin geti orðað tilfinningar og viti aldur, heimilisfang og aðrar grunnupplýsingar.
Listrænt sjálfstæði	Að efla sjálfstæði barna í listsköpun	Spyrja opinna spurninga og að börnin velji sjálf þann efnivið sem þau vilja nota.	Birgir og Berglind og allir taka þátt	Sept 2020	Maí 2021	Skráningar og afrakstur barnanna skoðaður. Samtöl við þau um verkin þeirra.	Að börnin hafi frumkvæði að listsköpun og vali á efniviði.



2.3 Innra mat Lækjarhvammur

Þeir þrír meginþættir sem við ákváðum að vinna með starfsárið 2019-2020 voru:

Sjálfsfelling – þróunarverkefni

Börnin á deildinni sýndu mikinn áhuga á leikritinu „Dýrin í Hálsaskógi“ og varð þessi áhugi uppsprettan að þemaverkefni. Við notuðum tækifærið og sáum fram á að þetta væri einnig gott innlegg í að efla sjálfsöryggi og sjálfsmynd þeirra. Börnin hafa öll tekið þátt, þau voru ófeimin að koma fram og sýna þætti úr leikritinu og voru dugleg að læra lögin utanað.

Verkefnið gekk mjög vel og við sáum að þau voru ófeimnari að koma fram og tjá sig. Hugrekki jókst hjá öllum börnunum með því að sýna leikþætti fyrir alla í leikskólanum.

Verkefnið var metið með skráningum í máli og myndum.

Útikennsla

Við nýttum okkur stóran garð í nágrenni leikskólans til útikennslu og þangað fórum við strax sl. vor. Börnin tíndu allar tegundir jurta sem uxu þar og við plöstuðum þær og fundum út hvað þær hétu, festum þær á „tré“ fyrir framan deildina. Við voru með allskonar útiverkefni t.d. áttu börnin að para saman jurt við mynd, finna dýrasamstæður (spil) í garðinum o.fl. Einnig kynntust börnin t.d. pöddum, flugum og fuglum.

Þetta er verkefni sem við ætlum að halda áfram með. Börnin eru meðvitaðri um umhverfið, plöntu- og dýralíf og virkilega áhugasöm.

Að börnin læri þulur og rím

Börnin lærðu „Hani, krummi, hundur svín“. Við notum myndir af dýrunum í laginu og voru þau fljót að læra. Þemað hjá okkur á deildinni var „Fagur fiskur í sjó“. Börnin hafa útbúið fiska og allskonar sjávarverur og því var við hæfi að kenna þeim þuluna „Fagur fiskur í sjó“ sem gekk mjög vel.

Einnig höfum við mikið verið að æfa rím. Við bjuggum til myndaspjald þar sem hægt er að para saman hluti sem ríma og þulurnar sem þau lærðu innihalda mikið rím.



Börnin eru mjög dugleg að koma fram í samverustundum og fara með þulurnar og finna oft orð sem ríma.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sköpun þróunarverkefni	Að börnin geti unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar. Virkjað sköpunarkraftinn.	Spyrjum börnin opinna spurninga um áhuga þeirra og bjóðum þeim margskonar efnivið.	Allir starfsmenn	Haust 2020	Vor 2021	Skráningar í máli og myndum	Að börnin hafi náð að koma sínum hugmyndum á framfæri og í verk.
Útikennsla - þróað hana áfram	Að börnin fái meiri skilning á umhverfinu og náttúrunni.	Förum í vettvangs-ferðir og notum garðinn til kennslu allt árið.	Allir starfsmenn	Sept 2020	Mái 2021	Fundir með börnunum og finna hvar áhugi þeirra og þekking liggur. Skrá ferðirnar og taka myndir.	Að börnin geti tjáð sig um hvað þau hafi lært um náttúruna og þekking þeirra aukist.

2.4 Innra mat Umhverfismennt

Umbótaáætlun fyrir umhverfismennt skólaárið 2019-2020 var að börnin myndu öðlast skilning á því hvað verður um það sem við flokkum ásamt því að heyra í daglegu starfi hugtök sem notuð eru í umræðu um umhverfismál.

Bókin Verum Græn ferðalag að sjálfbærni, umhverfisspil frá Sorpu og Náttúru.is með ýmsum fróðleik um umhverfið og náttúruna, nýttust vel. Horft var á myndbönd m.a. um plast og rusl í sjónum.

Matið er unnið út frá skráningum úr starfinu og samræðum við börnin. Að þessu sinni voru spurningalistar ekki sendir til foreldra, vegna verkfalls og Covid-19.

Elstu börnin fóru í Sorpu og kynntust og fengu fræðslu um hringrás endurvinnslu. Eins og hvert farið er með það sem við flokkum og hvernig það er endurunnið. Flest barnanna hafa betri skilning á hringrásinni og gera sér grein fyrir að meirihluti þess sem við flokkum fer erlendis með skipum, þar sem það er endurunnið og kemur svo aftur til Íslands sem afurð.

Í öllum leikskólanum er flokkað og eru börnin meðvituð um hvert sopið á að fara og hvað er hægt að endurvinna/nýta í leik og starfi. Þau eiga það til að leiðbeina þeim sem ekki eru að gera rétt.

Fjölmargar umræður hafa snúist um hvað verður um pappír og plast. Börnin hafa líka verið upptekin af hafinu og hvernig við getum verndað lífið þar með því að hætta að henda rusli í hafið.

Starfsfólk var duglegt að nota hugtök sem tengjast umræðu um umhverfismál í daglegu starfi með börnunum. Vegna fordæmalaus ástands eftir áramót var ekki hægt að vinna eins vel og við vildum með hugtökin og ætlum við að halda því áfram næsta leikskólaár.

Í haust var haldið áfram að senda fréttabréf um umhverfismennt til foreldra, en þegar verkfall og Covid-19 skulu á urðu sumir fastir liðir að víkja fyrir nýju skipulagi og öðru sem tengdist því.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferði r?	Viðmið um árangur
Kennarar noti hugtök sem tengjast umhverfisvernd/m ennt.	Leggja inn hugtök tengd umhverfismál um og útskýra þau.	Starfs- menn noti hugtökin í daglegum og skipu- lögðum	Aðstoðar- leikskólastjóri. Framkvæmdar aðilar: kennarar.	Sept 2020	Mai 2021	Samtöl við börnin og skráning ar úr starfinu.	Skilningur barnanna á hugtökun um hafi aukist og þau elstu hafi

		stundum um umhverfis mál.					byrjað að tileinka sér þau.
Sjálfbærni og sjálfbær lífstíll	Að börnin fræðist um sjálfbærni og sjálfbæran lífstíl.	Auka skilning á hvers vegna við ættum að lifa sjálfbærum lífstíl og hvað við getum gert.	Aðstoðarleikskólastjóri. Framkvæmdar aðilar kennarar	Sept 2020	Maí 2021	Skránin gar úr umræð um með börnun um. Viðtöl við elstu börnin.	Börnin geri sér grein fyrir að það sem við gerum í dag hafi áhrif til framtíðar.

3 Ytra mat

Ytra mat var gert á vegum Skóla og frístundasviðs á þessu skólaári. Um var að ræða starfsmannakönnun. Helstu niðurstöður hennar sýndu að áfram er mikil starfsánægja, áhugi og vellíðan í leikskólanum. Starfsmenn líta á að umhverfið sé jákvætt, hvetjandi og stjórnunarhættir árangursríkir. Hins vegar upplifa starfsmenn að vinnuálag hafi aukist frá því í síðustu könnun. Gengið var út frá sex aðalþáttum sem eru: Stjórnun, starfsandi, ímynd vinnustaðar, starfsánægja og upplýsingaflæði. Þessir þættir skila nánast fullu húsi hjá starfsmönnum og er það ánægjulegt að sjá. Niðurstöður sýna að starfsmenn eru ánægðir með stefnu leikskólans og upplifa að markvisst sé unnið að henni og markmiðum leikskólans. Starfsfólk þekkir stefnuna og er stolt af starfi sínu, sem birtist meðal annars í starfsánægju og góðum starfsanda. Starfsmenn sækja/fá símenntun til að auka fagþekkingu og styrkja sig í starfi. Við hefðum viljað hafa svarprósentu hærri meðal starfsmanna. Við munum halda áfram að vinna vel að lykilþáttunum og gera gott starf enn betra.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Minnka vinnuálag	Dreifa vinnuálagi yfir árið og virkja alla starfsmenn.	Umræður og hópavinna á starfsdegi í haust.	Deildarstjórar	Okt. 2020	Maí 2021	Spurningakönnun til starfsmanna að vori.	Dreifðist vinnuálagið og varð minna. Tóku allir starfsmenn þátt í að skipuleggja starfið.



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Í ár voru starfsþróunarsamtöl með helmingi starfsmanna. Ekki var hægt að taka með öllum vegna óvenjulegra aðstæðna, verkfall og Covid-19. Hinn helmingurinn af starfsmönnum svaraði spurningalista. Spurningarnar snerust um líðan, samskipti, starfsanda og starfsþróun.

Niðurstöður starfsþróunarsamtala og spurningalista var að líðan í starfi væri góð og starfsmenn ánægðir og fengju að njóta sín í starfi, á þá sé hlustað og þeir fái að nýta hæfileika sína og áhugasvið. Stjórnendur séu duglegir að hvetja og hrósa. Liðsheildin er góð og samskipti oftast góð og jákvæð og starfsandi góður. Samskipti milli starfsmanna og stjórnenda eru góð. Almenn ánægja er með starfsaðstæður í leiksskólanum. Hann er bjartur, snyrtilegur og vel útbúinn.

Námskeið, ráðstefnur og fyrirlestrar 2019-2020

- Fyrirlestur „Farsæld sem markmið menntunnar.“ Menntavika Háskóla Íslands leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri.
- Námskeið „Félagsþroski/einelti“ Vanda Sigurðardóttir, allir starfsmenn.
- Hlutverk stjórnenda í innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkurborgar, leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri.
- Námskeið „Lýðræði og þátttaka barna í leikskólastarfi“ Harpa Brynjarsdóttir, allir starfsmenn.
- Fyrirlestur „Börn og ofbeldi“ Hildur Guðmundsdóttir hjá Kvennaathvarfinu, allir starfsmenn.
- Námskeið „Opinskátt um ofbeldi“ sérkennslustjóri og tveir kennarar.
- Handleiðsla deildarstjóra einn deildarstjóri.
- Forystunám Reykjavíkurborgar leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri.
- Fyrirlestur „Opinskátt um ofbeldi“ Ellen Calmon, allir starfsmenn.
- Námskeið á vegum Blár apríl „Aðstandendur einhverfra“ einn kennari.
- Námskeið „Málþroskafrávik – afleiðingar og úrræði“ einn kennari.
- Fagnámskeið „Kvíði barna og unglinga – fagnámskeið“ einn kennari og sérkennslustjóri.
- Námskeið „Svefn leikskólabarna“ UNAK einn kennari.
- Málþing „Málefis – málþroskaröskun“ einn kennari.
- Fyrirlestrar á „Menntakviku“ um starfendarannsóknir, yngstu börn í leikskólanum og flæði í leikskólastarfi, tveir deildarstjórar.
- Málþing „Alþjóðadagur málþroskaröskunar, sérkennslustjóri.
- Málþing „ADHD samtökin“, sérkennslustjóri.

Fræðsluþarfir fyrir 2020-2021 komu skírt fram í samtölum við starfsmenn. Þar sem sköpun verður þróunarverkefni okkar eru margir starfsmenn sem vilja læra meira um skráningar, þemavinnu út frá áhugasviði barnanna og sköpun. Starfsmenn af erlendum uppruna vilja fara á íslenskunámskeið. Einnig var áhugi á að fræðast meira um sérkennslu og greiningar.

Þrír starfsmenn verða í leikskólakennaranámi næsta vetur á hinum ýmsu stigum.



5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Góð samvinna er á milli skólastiganna og hefur hún eflst ár frá ári og er orðin fastur liður í starfi skólans. Endurmat hefur ekki farið fram vegna óviðráðanlegra aðstæðna eftir áramót. Í janúar ár hvert er haldinn fundur að tilstuðlan leikskólans sem að þessu sinni var haldinn í Háaleitisskóla og voru foreldrar barna í Múlaborg með í fyrsta sinn. Þennan fund sitja skólastjórnendur, forsvarsmenn ÍTR, talsmaður íþróttafélagsins Fram/Víkings og foreldrar elstu barnanna í leikskólanum. Á þessum fundi gefst foreldrum tækifæri til að afla sér upplýsinga um starfsemi viðkomandi stofnana. Vel hefur verið látið af þessum fundum, hjá öllum sem að þeim komu.

Starfsáætlun vetrarins milli skólastiganna var gerð í september 2019 með kennurum beggja skólastiga. 4. október var 1. heimsókn skólahóps í Háaleitisskóla í þeirri heimsókn kynntust börnin húsnæðinu og tóku þátt í íþróttatíma með 1. bekk. Á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember komu nemendur úr 5. bekk og lásu fyrir börnin í leikskólanum. 3. desember var skólahópi boðið á aðventuhátíð í Háaleitisskóla og þann 11. desember kom 1. bekkur í heimsókn í leikskólann og skiptust nemendur á jólakortum. 24. janúar fór skólahópur í val með 1. bekk. Í mars er venjulega íþróttatími með nemendum á unglingastigi. Í apríl fer skólahópur m.a. í mat í skólanum og kynnist skólalóðinni. Endurmat kennara á samstarfinu fer fram í maí og 1. bekk er boðið í mat í Álftaborg. Vorskólinn er í maí. Í ár var öllum viðburðum eftir febrúar aflýst. Engin samstarfsverkefni eru á dagskrá.

6 Foreldrasamvinna

Í foreldraráði eru tveir fulltrúar. Kosið á foreldrafundi að hausti. Leikskólastjóri hefur verið í tölvupóstsamskiptum við fulltrúana sem og fundað þegar þörf er á. Foreldraráðið fær starfsáætlun og skólanámskrá leikskólans til yfirlstrar og gefur umsögn. Einnig koma þau að ákvarðanatöku um sumarlokun leikskólans og að fagstarfi skólans.

Foreldrasamtöl. Á hverju ári er eitt foreldrasamtal á tímabilinu febrúar/mars (foreldrar velja tíma) þar sem farið er yfir alhliða þroska og líðan barnsins. Foreldrar nýrra barna eru boðaðir í samtal áður en vistun hefst, án barns, í maí/júní. Boðið er upp á fleiri samtöl ef foreldrar óska þess.

Í ár var hluti af foreldrasamtölum tekin seinna vegna verkfalls og veiru. Deildarstjórar völdu ýmist að taka þau í síma eða í fataherbergi starfsmanna vegna takmörkunar á aðgengi inni í skólann. Fyrstu samtöl við nýja foreldra voru tekin í júní.

Foreldrafélag. Átta foreldrar eru í stjórn foreldrafélagsins ásamt fulltrúa starfsmanna. Stjórnin sér um ýmsar upptækur svo sem sumarhátíð, jólaball, leiksýningar og fleira. Stjórnarfundir eru 5 til 6 á ári.

Einn foreldrafundur er fyrir skólaárið. Að þessu sinni er hann haldinn 7. október. Þar er farið yfir vetrarstarfið og nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar. Foreldrum er gefinn kostur á að ræða um leikskólastarfið eða annað sem liggur þeim á hjarta. Deildarstjórar fara svo með sínum foreldrum inn á deild og kynna enn frekar deildarstarfið.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Næstkomandi skólaár eru þrír skipulagsdagarnir að höfðu samráði við Háaleitisskóla. Dagarnir eru eftirfarandi: 6. október, 4. janúar og 10. maí. Aðrir starfsdagar verða 27. nóvember, 25. febrúar og 14. apríl.

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 - Umbótaráætlun stjórnenda.

8.2 Fylgiskjal 2 -Leikskóladagatal.

8.3 Fylgiskjal 3 Samstarfsáætlun Álftaborgar og Háaleitisskóla.

8.4 Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs.

F. h. leikskólans Álftaborgar

Harpa Brynjarsdóttir Leikskólastjóri

Dagsetning 27. júní 2020



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2020 – 2021 Álftaborg



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Atli Björn E Levy
Ólafur Gylfi Gylfason

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til Skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir Skóla og frístundaráð til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:





Fylgirit með starfsáætlun

Umbótaáætlun 2020-2021

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir.	Hvaða aðferðir (fjölbreyttar) eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum.

Markmið leikskólans verði metin markvisst og reglubundið.	Rætt á deildarstjórafundum, með matslistum og skráningum..	Umræður og svörun spurningalista á skipulagsdögum.	Sept 2020 og lýkur maí 2021.	Stjórnendateymi skólans.	Gerð er langtímaáætlun um mat og efni skólanámsskrárinnar metið.	Endurmeta og setja inn í skólanámsskrá
Í skólanámsskrá verði fjallað um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf ásamt áætlun fram í tímann.	Stefnt að leiðir og markmið verði skoðuð og skráð.	Á skipulagsdögum ásamt fræðslu, fundum og eftirfylgni.	Nóvember 2020 til maí 2021.	Stjórnendateymi skólans.	Skráningar og spurningalistar.	Að þetta sé orðið hluti af skólanámsskrá fyrir maí 2021.

Foreldrar taki þátt í mati á námi barna sinna.	Að ná til sem flestra foreldra.	Kynna matið fyrir foreldrum.	Feb - mars 2021.	Stjórnendateymi skólans.	Spurningar varðandi: Vináttuverkefni, K- pals, Pals - stærðfræði, sköpun, lífsleikni, Bókaormurinn.	Að gera foreldra þátttakendur.
--	---------------------------------	------------------------------	------------------	--------------------------	---	--------------------------------

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla:

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L		1 Þ	1 F	1 S	1 Þ Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 M	1 M Foreldrasamtöl Hlíðah	1 F Skírdagur	1 L Verkalýðsdagurinn	1 Þ	1 F
2 S	Friðagur verslunarmanna	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F Föstudagurinn langi	2 S	2 M	2 F
3 M		3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ		4 F	4 S	4 M	4 F	4 M Skipulagsdagur	4 F	4 F	4 S Páskadagur	4 Þ	4 F	4 S
5 M		5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F Dagur stærðfræðinnar	5 F	5 M Annar í páskum	5 M	5 L	5 M
6 F		6 S	6 Þ Starfsdagur	6 F Fjólublár dagur	6 S	6 M Foreldrakaffi	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ	6 F	6 S Sjómannadagurinn	6 Þ
7 F		7 M	7 M Foreldrafundur	7 L	7 M Aðventustund	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L		8 Þ Dagur læsis	8 F	8 S Baráttudagur gegn einelti	8 Þ Kaffi Kósý	8 F	8 M	8 M Foreldrasamtöl Merkist.	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S		9 M	9 F	9 M	9 M Kaffi Kósý	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S Mæðradagur	9 M Sumarhátíð	9 F
10 M		10 F	10 L	10 Þ	10 F Kaffi Kósý	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M Starfsdagur menntastefnumót	10 F Íþróttadagur	10 L
11 Þ		11 F	11 S	11 M	11 F Kaffi Kósý	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ Opið hús	11 F	11 S
12 M		12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F Afa og ömmukaffi	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	Opnar eftir sumarfrí	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F Uppstigningardagur	13 S	13 Þ
14 F		14 M	14 M	14 L	14 M Aðventustund	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F Útskriftarferð	14 M	14 M
15 L		15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M Bolludagur	15 M Foreldrasamtöl Lækjar.	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S		16 M Dagur ísl. náttúru	16 F Bleikur dagur	16 M Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 L	16 Þ Sprengidagur	16 Þ	16 F Öflugurdagur	16 S	16 M Skrúðganga	16 F
17 M		17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M Öskudagur	17 M	17 L	17 M Útskrift	17 F Lýðveldisdagurinn	17 L
18 Þ		18 F Hattadagur	18 S	18 M	18 F Jólabbal og jólamatur	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M		19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F		20 S	20 Þ	20 F Dagur mannréttinda barna	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ Barnamenningarhátíð	20 F	20 S	20 Þ
21 F		21 M	21 M	21 L	21 M Aðventust. náttfatad.	21 F	21 S Konudagur	21 S	21 M Blómaball	21 F	21 M	21 M
22 L		22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F Bóndadagur/porrablót	22 M	22 M Foreldrasamtöl Seljal.	22 F Sumardagurinn fyrsti	22 L	22 Þ	22 F
23 S		23 M	23 F	23 M	23 M Þorláksmessa	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F Barnamenningarhátíð	23 S Hvítasunnudagur	23 M	23 F
24 M	Setning grunnskóla	24 F	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F Aðfangadagur jóla	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M Annar í Hvítasunnu	24 F	24 L
25 Þ		25 F	25 S	25 M Vasaljósadagur	25 F Jóladagur	25 M	25 F Starfsdagur	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M		26 L Evrópski tungumáladagurinn	26 M	26 F	26 L Annar í jólum	26 Þ	26 F	26 F Páskakanínan	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F		27 S	27 Þ Bangsadagur	27 F Starfsdagur	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F		28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S Pálmasunnudagur	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L		29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F		29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 Þ
30 S		30 M	30 F	30 M Aðventustund	30 M	30 L		30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M
31 M			31 L		31 F Gamlársdagur	31 S		31 M		31 M		

Áætlun um samstarf Álftaborgar og Háaleitisskóla veturinn 2019-2020

September 2019		Fundur í Háaleitisskóla með kennurum beggja skólastiga, aðstoðarskólastjóra og leikskólastjóra.
Miðvikudagur 2. okt	Kl. 9:00	Fyrsta heimsókn leikskólabarna í Háaleitisskóla, Guðni tekur á móti.
Mánudaginn 14. okt	Kl. 10:50	Íþróttatími með 1. bekk , 14 börn
Mánudaginn 18. nóv. Dagur íslenskrar tungu	Kl. 9:00	17 nemendur í 5. bekk Háaleitisskóla koma og lesa fyrir nemendur Álftaborgar á öllum deildum.leikskólans.
Fimmtudaginn 3. des.	Kl. 9:15	Aðventuhátíð í Háaleitisskóla. Nemendur Álftaborgar fá heitt kakó og köku
Miðvikudaginn 11. des.	Kl. 9:00	Nemendur hittast á Álftaborg skiptast á jólakortum Börnin syngja saman og fá ávaxtahressingu að lokinni samverustundinni.
Föstudaginn 17. jan.	Kl. 9:00	Fundur í Háaleitisskóla með foreldrum elstu barnanna í Álftaborg, með Fram og ÍTR.
Föstudaginn 24. jan.	Kl. 12:50	Álftaborgarbörn í Háaleitisskóla og taka þátt í vali með 1. bekk.
Föstudaginn 6. mars	Kl. 10:40-11:20	nemendur fara í íþróttatíma hjá unglingastiginu.
Föstudaginn 6. apríl	Kl. 9:30	Heimsókn í Háaleitisskóla. Guðni tekur á móti börnunum.
Miðvikudagur 11. apríl	Kl. 11:30	Allir nemendur Álftaborgar í mat í Háaleitisskóla
Föstudagur 27. apríl	9:50 eða 12:00	Allir nemendur Álftaborgar koma á skólalóð Háaleitisskóla

Mánudaginn 8. maí	Kl. 14:00	Endurmat kennara á samstarfinu
Föstudaginn 11. maí	Kl. 10:30- 12:15	Fyrsta bekk er boðið í mat í Álftaborg
Fimmtudaginn 17. maí	Kl.14:00	Vorskóli í Háaleitisskóla

,

Áætlun um samstarf Múlaborgar og Háaleitisskóla veturinn 2019- 2020

Sept 2019		Fundur í Háaleitisskóla með kennurum beggja skólastiga, aðstoðarskólastjóra og leikskólastjóra.
Þriðjudagur 1. okt	Kl. 9:00	Fyrsta heimsókn leikskólabarna af Múlaborg í Háaleitisskóla, Hanna skólastjóri tekur á móti börnunum.
Mánudaginn 7. okt	Kl. 10:50	Íþróttatími með 1. bekk ,
Föstudagur 15. nóv.	Kl. 9:00	Nemendur í 5. bekk Háaleitisskóla koma og lesa fyrir nemendur Múlaborgar á öllum deildum.leikskólans.
Föstudaginn 6. des.	Kl. 9:15	Aðventuhátíð í Háaleitisskóla. Nemendur Múlaborgar fá heitt kakó og köku
Miðvikudaginn 11. des.	Kl. 9:00	Nemendur hittast á Múlaborg skiptast á jólakortum Börnin syngja saman og fá ávaxtahressingu að lokinni samverustundinni.
Föstudaginn 17. jan.	Kl. 9:00	Fundur í Háaleitisskóla með foreldrum elstu barnanna í Múlaborg með stjórnendum Háaleitisskóla, Fram og ÍTR.
Föstudaginn 7. feb.	Kl. 12:50	Múlaborgarbörn í Háaleitisskóla og taka þátt í vali með 1. bekk.
Föstudaginn 6. mars	Kl. 10:40-11:20	Múlaborgarbörn í íþróttatíma hjá unglingastiginu.
Föstudaginn 3. apríl	Kl. 9:30	Heimsókn í Háaleitisskóla. Guðni tekur á móti börnunum.
Miðvikudagur 15. apríl	Kl. 11:30	Nemendur af Múlaborg í mat í Háaleitisskóla
Mánudagur 27. apríl	9:50 eða 12:00	Nemendur Múlaborgar koma á skólalóð Háaleitisskóla

Miðvikudaginn 20. maí	Kl.14:00	Vorskóli í Háaleitisskóla